

## Ársskýrsla tengiliðar Shetland sheepdog hjá Fjár og hjarðhundadeild HRFÍ vegna ársins 2018.

Lifandi Shetland sheepdog hundar voru 81 í árslok 2018. Heil þrjú got fæddust á árinu, hjá Islands Shelties ræktun fæddust 3 hvolpar undan Speedlines Chocolate Crisps og C.I.B. ISCh ESJCh Moorwood Simply Pleasant, hjá Bláfelds ræktun fæddust 3 hvolpar undan Bláfelds Little Miss Sunshine og Multi Ch Louanda Time After Time og hjá Undralandsræktun komu fimm hvolpar undan Moorwood Flaming Sunrose og Multi Ch. Louanda Time After Time.

Á árinu misstum við ansi marga, en Ch. Moorwood Follow The Fashion, Ch. Sunsweet Look My Way og Islands Shelties Midnight Sun, jafngömul, fóru seinni hluta ársins, þá misstum við systurnar Bláfelds Arctic Evening Rose og Bláfelds Arctic Morning Star, Bláfelds Polar Bear kvaddi og Mysterious Twilight. Innfluttir hundar og hundar úr fyrstu gotunum eftir að við hófum að byggja stofninn upp fyrir um 15 árum, eru nú óðum að tína tölunni og eins sárt og það er að missa góðan og tryggan vin, er gott að vita til þess að Sheltie hefur náð að festa rætur í félaginu og margir þessara föllnu hunda lifa áfram í afkvæmum sínum.

Það var töluverð tilhlökkun hjá Sheltiefólki að fá inn til landsins Ch. Louanda Time After Time, sem kom úr einangrun í júnímánuði. Toby kemur frá Ástralíu en átti viðkomu í Svíþjóð í eitt ár á meðan beðið var eftir plássi í einangrun. Á því ári var hann sýndur til nokkurra meistaratitla og átti miklu gegni að fagna á sýningum víða á Norðurlöndum. Á fyrstu sýningunni hér heima í ágúst bætti hann við íslenskum meistaratitli og kláraði Alþjóðlega meistaratitilinn og í nóvember fékk hann íslenska stigið sem fyllti Norðurlanda meistaratitilinn. Velgengni hans þetta s.h.l. árs 2018 tryggði honum titilinn stigahæsti Shetland sheepdog hundur ársins. Toby hefur þegar feðrar tvö got og vonandi bætir hann í á þessu ári, en ég hef ákveðið að senda hann aftur út til Svíþjóðar s.h.l. þessa árs þar sem mikið hefur verið óskað eftir þjónustu hans þar og mér finnast frammúrskarandi gæði hans eiga stærra erindi en hér á litla Íslandi.

Umsagnir og úrslit allra sýninga ársins þar sem Sheltie kom við sögu, má finna á heimasíðu okkar [www.sheltie.is](http://www.sheltie.is). Í stað þess að telja þau upp hér, vil ég vísa áhugasömum þangað. Auk nýrra meistaratitla Tobys, eignuðumst við Íslenskan meistara Undralands Force Majeure og Undralands Gróttu.

Einn Sheltie lauk Bronsprófi í hlýðni á árinu og náði m.a. þriðju hæstu einkunn ársins í bronsi, en það var ISCh Undralands Force Majeure með eiganda sínum Dittu Tómasdóttur.

Ég hef hvergi getað fundið upplýsingar um árangur í Hundafimi, hann virðist ekki aðgengilegur neins staðar. Ég get því ekki upplýst um árangur Sheltiehunda þar, sem mig grunar að hafi verið góður.

Sheltie er almennt hraust tegund og einungis er krafist augnskoðunarvottorðs af ræktunardýrum. Þar er í raun ekkert sem ætti að finnast sem kæmi í veg fyrir ræktun, en augnskoðunar var upphaflega krafist á hinum Norðurlöndinum vegna PRA tilfella sem komu upp í tegundinni. Tekist hefur að uppræta það, svo nú eru félögin að fella augnskoðunarskyldu niður. Þannig er Collie Eye Anomalie, CEA, ekki talinn réttlæta augnskoðunarskyldu, enda í nær öllum tilfellum vægur meðfæddur galli sem breytist ekki út ævi hundsins og hefur ekki áhrif á sjón hans. Nú stendur yfir endurskoðun á regluverki félagsins um skráningu í ættbók þar sem m.a. má finna sérreglur um einstök hundakyn. Væri áhugavert að skoða þessi mál heildstætt í samstarfi við nefndina sem vinnur að því.

Þá myndi ég einnig vilja endurskoða reglur um pörun á merle hundum, en nú hljómar reglan þannig að blue merle má para saman við tricolor og sable en hvolpar úr pörun við sable fara undantekningarlaust í ræktunarbann. Bannað er að para saman merle og merle og er það er í

samræmi við tilmæli og reglur frá FCI og reglur hér á Íslandi um gæludýrahald. Með tilkomu DNA prófa ætti að vera hægt að merkja rétt liti þeirra hvolpa sem fæðast úr blue merle / sable þörun þannig að ekki yrði hætt á merle/merle þörun í framtíðinni en þörunarmöguleikar innan stofnsins ykjast. Ég geri ráð fyrir að það sama ætti við tegundir eins og Rough og Smooth collie.

Með góðri kveðju,

Lilja Dóra Halldórsdóttir

tengiliður Shetland Sheepdog.